

AUGLÝSING um hreindýraveiðar árið 2015.

Heimilt er að veiða allt að 1412 hreindýr árið 2015. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda. Veiðitími tarfa er frá 1. ágúst til og með 15. september. Umhverfisstofnun getur, sbr. reglugerð nr. 486/2003 með áorðnum breytingum, að fenginni umsögn Hreindýraráðs, heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí, að því tilskyldu að þeir séu ekki í fylgd með kúm og að þær veiðar trufla ekki kýr og kálfa í sumarbeit. Veiðitími kúa er frá 1. ágúst til 20. september.

Óheimilt er að veiða kálfa. Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Veiðiheimildir árið 2015 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Kýr	Tarfar	Alls
Svæði 1	151	98	249
Svæði 2	64	70	134
Svæði 3	48	30	78
Svæði 4	21	24	45
Svæði 5	35	43	78
Svæði 6	75	100	175
Svæði 7	260	190	450
Svæði 8	68	45	113
Svæði 9	60	30	90
Samtals	782	630	1412

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Veiðisvæðin skiptast þannig eftir sveitarfélögum:

- Svæði 1** Vopnafjarðarhreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárhlið, hluti Norðurþings, þ.e. gamli Fjallahreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.
- Svæði 2** Fljótsdalshreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, áður Jökuldalur austan Jökulsár á Brú, Hróarstunga, Fell, Vellir vestan Grímsár og Skriðdalur vestan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 3** Borgarfjarðarhreppur og Fljótsdalshérað að hluta, þ.e. Hjaltastaðapinghá, Eiðapinghá
- Svæði 4** Seyðisfjörður, Fljótsdalshérað að hlut, þ.e. Vellir austan Grímsár, og Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Mjóifjörður.
- Svæði 5** Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Eskifjörður, Norðfjörður og Reyðarfjörður.
- Svæði 6** Breiðdalshreppur, hluti Fjarðarbyggðar, þ.e. Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður, hluti Fljótsdalshrepps, þ.e. Skriðdalur austan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 7** Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
- Svæði 8** Hornafjörður, – áður Bæjarhreppur og Nesjahreppur (Lón og Nes).
- Svæði 9** Hornafjörður, áður Mýrahreppur og Borgarhafnarhreppur (Mýrar og Suðursveit).

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum getur Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, fært veiðiheimildir, nema á veiðisvæði 1, milli samliggjandi veiðisvæða þyki sýnt að hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003.

Á veiðisvæði 2 skal kvótinn fyrst og fremst veiddur austan Jökulsár í Fljótsdal, miðað við svipað ástand á komandi veiðitímabili og hefur verið undanfarin ár, þar sem hreindýrum á Fljótsdalsöræfum hefur fækkað.

Á veiðisvæði 7 skal kvótinn að stærstum hluta veiddur sunnan Hamarsdals, miðað við óbreytta hagagöngu og er heimilt að úthluta allt að 60 leyfum af kúaveiði frá 1. til 30. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Á veiðisvæði 8 er heimilt að úthluta allt að 38 leyfum af kúaveiði frá 1. til 30. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Á veiðisvæði 9 er heimilt að úthluta allt að 40 leyfum af kúaveiði frá 1. til 30. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða, nr. 486/2003, er Umhverfisstofnun heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða með áorðnum breytingum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. janúar 2015,

